

AUGLÝSING

um deiliskipulag Kringlumýrar – spildu úr landi Miklaholtssels í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps eftirfarandi deiliskipulag:

Kringlumýri – spilda úr landi Miklaholtssels.

Í deiliskipulagsáætluninni felst m.a. að í suðausturhluta spildunnar verður landi sem nýtt hefur verið til landbúnaðar breytt í tvær nýjar lóðir fyrir einbýlishús ásamt svefnskála. Gerð verður breyting á heiti, en þar sem nú heitir „Spilda úr landi Miklaholtssels“ verður nefnt „Kringlumýri“. Stærð skipulagssvæðisins er 32.747 m² og eru suðurmörk þess á landamörkum Hólslands.

Skipulagsáætlunin hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 22. desember 2010.

Jökull Helgason, skipulagsfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2011